



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI MUSEUM

### Framlenging samnings

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri fer fram á framlengingu á samningi um afnot af Friðbjarnarhúsi til tveggja ára með vísan til verklagsreglna Akureyrarstofu frá 2017.

Árið 2019 gekk Minjasafnið inn í samning Leik-myndar ehf við Akureyrarstofu um Friðbjarnarhús. Ástæða þess að það skref var stigið var að stjórn og starfsfólk Minjasafnsins sá í húsinu, safngripunum og sýningunni tækifæri. Þau voru fólgin í auknu sýningarrými og að einingin Minjasafnið, Nonnahús og Leikfangahúsið væri til þess fallinn að draga fleiri gesti til safnanna, m.ö.o. þetta styrkti markaðssetningu safnanna í Innbænum en einnig að þarna væru tækifæri í safnfræðslu fyrir skóla.

Með því að taka við Leikfangasýningunni í Friðbjarnarhúsi var í fyrsta skipti aukið við sýningarrými Minjasafnsins sem hefur verið óbreytt frá 1978. Leikfangasýningin er einstök á landsvísu af þeim sökum var hún ekki tekin niður enda ekkert sýningarrými laust fyrir hana innan veggja Minjasafnsins.

Sýningin sem slík hefur aðdráttarafli fyrir fjölskyldur og myndast þar einstakt tækifæri til að fá fjölskyldur í meira mæli inn á öll söfnin í Innbænum sem eru í harðri samkeppni við nýtt og glæsilegt Listasafn og Flugsafnið sem geta teflt fram mun meira sýningarrými en Minjasafnið getur í núverandi húsnæði.

Markaðstækifærin felast í því að búa til eina heild úr Minjasafninu, Nonnahúsi og Leikfangasýningunni, auk þess sem Davíðshús og Laufás fylgja með í kaupbæti í ódýrum ársmiða á 5 söfn.

Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi fær sífellt meira vægi í sýningar- og markaðsstarfi safnsins. Markaðssetning Leikfangahússins er langtímaverkefni en þó hefur náðst mjög góður árangur frá upphafi. Þannig hefur gestafjöldi tvöfaldast frá árinu 2018, úr 940 í 2020 gesti.

Minjasafnið hefur aflað styrkja til að efla starf Leikfangahússins á sviði safnfræðslu og má þar nefna styrki úr Safnasjóði upp á 1.850.000 kr. til að efla fræðslu fyrir skóla og tengja við Minjasafnið.

Þess má einnig geta að í þeirri félagsþjónustu sem Minjasafnið sinnir óbeint er Leikfangasafnið að öðlast hlutverk. Þannig komu báðir starfsmenn þess sumarið 2021 í gegnum starfsþjálfunarverkefni VMST og Virk og vilji allra aðila að svo verði áfram enda safnið góður vettvangur til að stíga skref aftur inn á vinnumarkaðinn.

Þó hér sé óskað eftir framlengingu til tveggja ára af ofangreindum ástæðum er kannski ástæða til að ræða hvort horfa eigi til þessa sögulega húss í Innbænum á sama hátt og Nonnahúss og Davíðshúss. Þar kemur Minjasafnið að faglegu starfi innan veggja. Hugsanlega mætti taka upp álíka fyrirkomulag án aukinna útgjalda.

Það er mikilvægt að ákvörðun um framlengingu samningsins verði tekin fljótt því nú þarf að undirbúa og prenta markaðsefni næsta árs, ferðaskrifstofur banka nú þegar á dyrnar og framundan er ferðakaupstefnan Mannamót í janúar sem Minjasafnið og tengd söfn taka í fyrsta skipti þátt í. Þá er framundan 60 ára afmæli Minjasafnsins á Akureyri og Leikfangasafninu ætlað töluvert hlutverk í afmælisdagskrá þess árs.

Sú uppbygging á starfi Leikfangasýningarinnar sem farið hefur fram undanfarin ár hefur styrkt Innbæinn sem áfangastað. Leikfangasýningin er komin rækilega á kortið sem einstakur áfangastaður á landsvísu. Það finnum við á Minjasafninu ekki bara í fjölgun gesta heldur einnig í fjölda fyrirspurna um leikföngin og boð um fleiri safngripi af sama toga. Stjórn og starfsfólk Minjasafnsins á Akureyri óskar því hér með eftir að samningurinn verði framlengdur til tveggja ára á grundvelli verklagsreglna Akureyrarstofu frá 2017 þannig að áfram verði hægt að byggja upp Leikfangasýninguna sem áfangastað, í það minnsta þar til byggt verður við Minjasafnið á Akureyri.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Minjasafnsins á Akureyri

Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.